

ar hafi orðið skemmdir miklar af sandfoki 3 síðustu árin, einkum veturinn 1860—61.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það heim, er hlut eiga að máli, að stjórnarráðið, eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um atvik málsins, fellst á þá uppástungu yðar, er nú var getið.

1862.
31. maím.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um aðgjörð á stólum í Bessastaðakirkju.

2. júnim.

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá áætlun þá, er fylgdi bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 5. f. m., um það, hvað mikið fè muni þurfa til aðgjörðar á stólunum í Bessastaðakirkju, þá skal yður nú til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gætið þess, er með þarf í því efni, að frá hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert því til fyrirstöðu, að varið sè í þessum tilgangi hèr um bil 100 rdl. af þeim 4000 rdl., sem til eru færðir í fjárhagslögum þessa árs, 9. gr. G. c, og skal yður hèr með veitt vald til að ávísa síðan fè þessu úr jarðabókarsjóði Íslands þegar verkið er búið.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Skaptafells sýslu.

2. júnim.

Í bænarsskrá þeirri, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 24. febrúarm. þ. á. hefir Gísli Thórarensen, prestur til Dyrhóla og Sólheima prestakalls í Skaptafellsýslu, sótt um að fá árlega þóknun fyrir afgreiðslu suðurlandspóstsins, þá er hann kemur til sýslu þessarar og fer þaðan aptur, í líking við það, sem veitt er öðrum, sem hafa á hendi starfa þenna án þess hann heyri til embættisskyldu þeirra. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda, að dómsmála-

1862. stjórnin, eptir því sem ástatt er, ekki hefir neitt á móti því, að
2. júnim. beiðandanum sé veitt 5 rdl. þóknun á ári í því skyni, sem að
ofan er getið, og að þetta sé talið frá 1. janúarm. þ. á.

21. júnim. **37. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi, um ferðastyrk handa Halldóri
skólakennara Friðrikssyni til að stunda þjóð-
versku.**

Í framhaldi bréfs hëðan 15. febrúarmán. þ. á. skal yður
til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir enn fremur veitt Halldóri
Kr. Friðrikssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, 300
ríkisdala styrk til að ferðast hëðan til Þjóðverjalands til að læra
betur þýzka tungu, og að fë þetta verður borgað honum úr
aðalféhirzlu ríkisins hër í bænum.

11. júlím. **38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins
yfir Íslandi, um sölu á Melkotstúni, er var eign
Reykjavíkur bæjar.**

Dómsmálastjórnin leggur hër með samþykki sitt á sölu þá,
er fram fór 7. maím. 1860, á túni, er var eign Reykjavíkur-
bæjar, til Bernhöfts bakara í Reykjavík með þeim kjörum, sem
tilgreind eru í uppboðsskilmálum þeim, er hingað voru sendir
með bréfi 26. aprílm. þ. á. Þetta skal yður til vitundar gefið
yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, svo sem
þörf er á¹.

1) Uppboðsskilmálar þeir, sem getið er í bréfi þessu, eru þannig
hljóðandi:

»Skilmálar

fyrir sölu á Melkotstúninu 7. maím. 1860.

„1. Túnið selst með áskildu samþykki stjórnarinnar til full-
„kominnar eignar og frjálsra umráða gegn ævarandi árgjaldi til
„Reykjavíkur bæjarsjóðs í álnatali, sem borgist í peningum eptir
„hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða, sem gildir
„í gjalddaga.